

Til umhverfis- og skipulagsþjónustu Hafnarfjarðar
og bæjarstjórnar Hafnarfjarðar

Hafnarfirði 12. ágúst 2018

Athugasemd varðandi skipulagslýsingu vegna aðalskipulags að Fornubúðum 5

Vísað er til auglýsingar á vef Hafnarfjarðarbæjar, dags. 1. ágúst 2018, varðandi breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, hafnarsvæði H1 Fornubúðir.

Á þessu stigi máls vill undirritaður gera athugasemd varðandi málsmeðferð, einkum að því leyti að ekki er eðlilegt að gera aðalskipulagsbreytingu fyrir eina lóð sérstaklega þegar fyrir liggur að gera á skipulagsbreytingar á öllu Flensborgarhafnar- og Óseyrarsvæðinu.

Það er grundvallarsjónarmið í skipulagsfræðum að skipulag á að fjalla um svæði en ekki einstakar lóðir. Undanfarin ár hefur verið unnið að undirbúningi nýs deiliskipulags fyrir allt svæðið í kringum höfnina. Farið hefur fram samkeppni um deiliskipulagshugmyndir og liggja niðurstöður fyrir. Það blasir því við að á þessum tímapunkti, þegar skipulagið að Fornubúðum 5 er komið aftur á upphafsreit, þá er það eina rétta í stöðunni að klára samhliða skipulag fyrir allt svæðið.

Búið er að skipa vinnuhóp til þess að vinna úr vinningstillögum um skipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis, en ekki er vitað til þess að hann hafi komið saman. Það er í raun óskiljanlegt hvernig skipulag svæðisins er sífellt dregið á langinn, á meðan Fornubúðir 5 fá alltaf sérafgreiðslu og forgang umfram heildarverkefnið. Getur hugsast að verið sé að skapa fordæmi um byggingarmagn, sem mun síðan leiða til þess að horfið verði frá þeim loforðum sem gefin voru í skipulagslýsingu fyrir Flensborgarhöfn, sem kvað á um lágreistar byggingar?

Lýst er eftir samráði við íbúa í nágrenni hafnarinnar. Það hefur farið lítið fyrir því síðan skipulagslýsing var í vinnslu 2014-2016. Skorað er á bæjaryfirvöld að gefa íbúum kost á að koma að verkefninu á vinnslustigi, en ekki bara slengja fram fullmótuðum tillögum á lokastigum verkefnisins.

Bent skal á að í úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 12. júlí sl. var deiliskipulag Fornubúða 5 fellt úr gildi þegar af þeirri ástæðu að ósamræmi var við aðalskipulag. Því tók nefndin ekki afstöðu til allmarga málsástæðna kæranda. Ein sú veigamesta er meginreglan um að skipuleggja beri svæði en ekki einstakar lóðir. Fordæmi eru fyrir því að deiliskipulagsákvæðanir hafi verið felldar úr gildi af þessari ástæðu. Ef bæjaryfirvöld halda áfram að vinna með lóðina Fornubúðir 5 eina og sér án nokkurs samhengis við svæðið í heild sinni er alltaf hættu á að deiliskipulag lóðarinnar verði ógilt að nýju.

Skorað er á bæjaryfirvöld að setja kraft í að klára skipulagið fyrir allt svæðið í heild í góðri samvinnu við bæjarbúa.

Virðingarfyllt



Sigurjón Ingvarson
Suðurgötu 70
220 Hafnarfirði